


ÞÁ VÆRI KOMIÐ LISTASAFN



Minnismerki...

Framh. af bls. 1
voru alltaf að spyrja mig um, barna austur við Búrfell, hvað veggmyndirnar ættu að tákna, og ég gat engan veginn svarað því. Menn verða sjálfir að geta fundið út úr listaverkum.

Þeir komu hingað í gær frá borgarstjórn og skoðuðu hjá mér þessa tillögu og stoppuðu smástund. Það var svo fallegt veður, og borgin lítur nú anzi vel út héðan.

En því miður er þetta nú ekki nein kirkja hérna. Fólk er svo anzi duglegt að vinna fyrir söfnuðina, og ef maður hefði nú svona áhugafólk í sambandi við list, þá værum við búin að fá listasafn fyrir löngu.

□ „Eg byrjaði nú á þessu í fyrra, þegar ég var beðinn að gera tillögu að þessu merki, — svo komu mennirnir um daginn og skoðuðu hugmyndina og síðan veit ég ekki meir.“

Þannig fórust Sigurjóni Ólafssyni, myndhöggvara orð, er við skoðuðum hjá honum í gær tillögu þá, sem hann hefur

gert að beiðni borgaryfirvalda, um minnismerki, sem reist skuli í Reykjavík í tilefni afmælis lýðveldisstofnunar á Íslandi.

„Það er ekki endanlega búið að velja minnismerkinu stað.“ sagði Sigurjón, „en ég gæti vel hugsað mér þetta í Kringlu mýrinni, — gjarnan vildi ég

hafa tjörn í kring um minnismerkið þannig að það eins og fljóti á vatninu.

Eg get nú ekki alveg útskýrt hvornig þetta á að vera táknrænt, það verður hver og einn að finna með sjálfum sér. Þeir

Framh. á 3. s.